

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

VERTU UPPLÝSTUR



ANTON BERGUR

**17% BARNNA Á ÍSLANDI
VERÐA FYRIR KYNFERÐISLEGU
OFBELDI FYRIR 18 ÁRA ALDUR**

Verndum börnin okkar, veitum þeim öryggi
og tölum blátt áfram um málaflokkinn.

Hvernig tölum við um líkama, mörk
og samskipti við börnin okkar?

Kynntu þér málið nánar
á vefnum okkar www.blattafram.is

ÞÚ GETUR STYRKT BLÁTT ÁFRAM MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA VASALJÓSIÐ
Ljósin verða seld dagana 23.–25. apríl



Vissi varla hvað MORFÍS var í haust

Atli Hjaltested var valinn ræðumaður Íslands þegar MS sigraði MORFÍS í fyrsta skipti í 21 ár.

„Þetta er bara mjög gaman. Fólk hrósar manni og maður fær smá athygli og það eykur kannski aðeins á sjálfstraustið. En þetta er nú bara einhver nafnbót,“ segir högvær Atli Hjaltested, nýkjörinn ræðumaður Íslands. Atli fór fyrir liði MS-inga sem lagði Verzlinga í úrslitum MORFÍS um síðustu helgi. Umræðuefnið var „fáfræði er sæla“ og mæltu MS-ingar með fullyrðingunni.

„Þetta er örugglega eitt leiðinlegasta umræðuefni sem við höfum tekið og keppnin sjálf var eiginlega frekar leiðinleg. Þetta var ekki beint það umræðuefni sem maður hefði viljað taka í úrslitunum,“ játar Atli, en liðin áttu erfitt með að koma sér saman um umræðuefni.

„Það var samt magnað að vera í Háskólabíói fyrir framan þúsund manns,“ bætir hann við.

Rektorinn óskaði liðinu ekki til hamingju

MS hefur aðeins einu sinni áður fagnað sigri í MORFÍS en það var árið 1989. Viðtökur kennara og nemenda skólans voru því skiljanlega góðar og mikil stemning fyrir liðinu, hjá öllum nema sjálfum rektorinum, Mál Vilhjálmssyni. „Hann vildi ekki einu sinni lána okkur húsnæði til æfinga í vetur þannig að við þurftum að leita í skrifstofuhúsnæði úti í bæ. Hann er búinn að vera þvilíkt stífur við okkur og með leiðindi frá upphafi.

Hann mætti ekki á keppnina og er ekki einu sinni búinn að óska okkur til hamingju,“ segir Atli.

Það vakti mikla athygli í síðustu viku þegar nokkrir stuðningsmenn MS sturtuðu hrúgu af skít fyrir

utan Verzló og Atli kveðst hafa furðað sig á viðbrögðum rektorsins við því máli. „Eftir að þetta mál kom upp talaði hann um að láta hætta við úrslitin, sem var náttúrulega ekki á hans valdi. Hann talaði líka um að láta banna stuðningsliðið á keppninni. Við í liðinu reynum náttúrulega bara að vera góð ímynd skólans út á við og honum er einhverj veginn alveg sama um það,“ segir Atli.

ATLI HJALTESTED

Í spilaranum: Nýi diskurinn með Diktu. Ég hlusta mikið á Kings of Leon og Michael Jackson er alltaf klassískur. Þegar ég er úti á landi er ég með Stuðmenn í spilaranum. Bara flest annað en þungarokk og þá er ég fluttur.

Á skjánum: Úrslitakeppnin í NBA og meistaraðildin í fótbolta. Annars horfi ég ekki svo mikið á sjónvarp.

Á náttborðinu: Allavega ekki námsbækurnar. Ég er eiginlega ekki að lesa neitt, bækurnar eru í hvíldarstöðu.

Ætlar í lögfræði

Þrátt fyrir frábæran árangur í MORFÍS er stutt síðan Atli kynntist keppninni. „Ég vissi varla hvað MORFÍS var fyrir en ég mætti í inntökuprufurnar fyrir liðið í haust. Þegar maður horfir á myndbandið frá fyrstu keppninni sér maður hvað maður hefur tekið miklum framförum,“ segir Atli en játar að ræðumennskan hafi tekið góðan tíma frá náminu.

Atli á eftir að finna sér vinnu fyrir sumarið en í haust stefnir hann á að fara til Danmerkur með félögum sínum til þess að vinna. „Míg langar að taka mér árs frí frá námi og njóta lífsins. Svo býst ég við að ég fari í lögfræðina,“ segir Atli.



FARANDBIKARINN SEM ATLI HLAUT ER ÓNEITANLEGA GLÆSILEGUR

Mynd/Árni Sæberg

Monitor mælir með

BLÓ Kick-Ass var frumsýnd um síðustu helgi og olli engum vonbrigðum. Frábær skemmtun og svartur húmor í hæsta gæðaflokki. Christopher Mitz-Plasse, sem lék Fogell í Superbad, er einfaldlega alltof fyndinn og Nicolas Cage kemur líka skemmtilega á óvart sem Big Daddy. Þetta er mynd sem allir hafa gaman af.



BLÓ Við höldum okkur við bióhúsin. Fyrir þá sem vilja sjá eitthvað menningarlegra en



Kick-Ass er franska myndin **Un prophète** sannkallaður gullmoli. Myndin er sýnd á Bíóðögum Græna ljóssins en þar er að finna nokkrar mjög finar myndir. **Crazy**

Heart með Jeff Bridges er til dæmis stórgóð.

GÓÐVERK Blátt áfram eru samtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Í þessari viku er í gangi herferð þar sem seld eru vasaljós til styrktar starfsemi samtakanna. Monitor hvetur að sjálfsögðu alla til þess að leggja góðu málefni lið og fjárfesta í einu slíku.



Vikan á...

facebook



Pattra Sriyanonge Frekar leiðinlegt að Ísland sé bókstaflega að rústa öllu í heiminum, þýðir þetta ash-cloudy-tanlaust sumar hjá manni hérna í SWE.. Slæmt!

16. apríl 2010 kl. 17:57



Jón Arnór Stefánsson Frábær útisigur og 12 tíma rútuferð framundan þar sem flugvöllurinn í Barcelona er lokaður, er ekki vinsæll í liðinu þessa stundina!

18. apríl 2010 kl. 20:34




Aron Pálmarsson A leidinni í 30 tíma ferdalag... Aedislegt!

19. apríl 2010 kl. 13:24



Hemmi Gunn „Þegar alvaran hefur vígbúist getur kinnin huganlega afvopnað hana“. Kinnin er sólskin hugans og kveðjum veturinn með brosi á vör.

20. apríl 2010 kl. 08:17



Halla Vilhjalms var að reyna að útskýra fyrir ömmu sinni hvað „gimp“ er...

20. apríl 2010 11:27

Feitast í blaðinu

Vorprófin eru í fullum gangi. Þekktar persónur tala um reynslu sína úr skóla. >>4



Maggi Mix svarar spurningum lesenda og talar um aukna kvenhylli. >>6

Hemmi Hreiðars í stórskemmtilegu viðtali um fót-boltann og frægðina. >>8



Frumnýningar helgarinnar eru á sínum stað og nóg að gerast í bióhúsunum. >>12

Fílófaxið tekur saman alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>13



Efst í huga Monitor

Eldgosamenningin

Af gefnu tilefni fór Monitor að grúska í efni sem hefur verið gert um eldgos. Það kom á daginn að eitthvað er til af góðri eldgosatónlist, en kvikmyndir um viðfangsefnið eru öllu verri.




Eldgosamyndir Dante's Peak er afar slök spennumynd frá árinu 1997 um eldfjallafræðinginn Harry Dalton sem er sá eini sem áttar sig á því að það er varasamt að byggja bæ beint undir eldfjalli. Pierce Brosnan er í hlutverki eldfjallafræðingsins og Linda Hamilton leikur aðalhlutverkið á móti honum. Volcano er önnur eldgosamynd

frá árinu 1997. Í henni fylgjumst við með mjög svo ólíklegru atburðarás þar sem eldfjall byrjar að gjósa í Los Angeles. Tommy Lee Jones og Anne Heche fara með aðalhlutverkin í þessari hrikalega slæmu mynd.

Öllu skárri er kvikmyndin Under the Volcano frá árinu 1984. Reyndar er hægara sagt en gert að finna hana á leigum landsins, en þeir sem gera það sjá stórleikarann Albert Finney í essinu sínu. Hann fékk óskarstílnefningu fyrir hlutverkið.

Eldgosatónlist

Beck, Count Basie, Damien Rice og hljómsveitin The Presidents of the United States of America hafa öll gert lag með heitinu Volcano. Bandaríska söngkonan Edie



Brickell gaf út plötuna Volcano árið 2003 og inniheldur hún lag með sama nafni. Reyndar er platan ekkert sérstaklega skemmtileg áheyrnar, en það er önnur saga. Á hinni frábæru plötu Trick of the Tail með Genesis er að finna lag sem heitir Dance on the Volcano. Væntanlega mæla Almannaþingir ekki með því að fólk geri það á Eyjafjallajökli, að minnsta kosti ekki í bráð.

Tugþúsundir Íslendinga eru á kafi í prófum um þessar mundir og bíða vafalaust flestir í ofvæni eftir því að skila inn síðasta prófinu. **Próflestrinum fylgir þó alltaf ákveðinn sjarmi, sem er kannski erfitt að sjá fyrir en löngu eftir að lestri er lokið. **Monitor** hafði samband við nokkra þekkta einstaklinga og fræddist um reynslu þeirra af háskólanámi.**

MARGRÉT KARA ER MICHAEL JORDAN HEILBRIGÐISVERKFRÆÐINNAR

Hin yndislega prófatörn


Strembið að púsla saman körfunni og skólanum

Margrét Kara Sturludóttir körfuknattleikskona er á öðru ári í heilbrigðisverkfræði í HR. „Það gengur ekkert sérstaklega vel að púsla þessu saman. Ég var hálfjarverandi andlega í skólanum á meðan úrslitakeppnin var í gangi,“ segir Margrét Kara Sturludóttir, ein besta körfuknattleikskona landsins, sem varð Íslandsmeistari með KR á dögnum.

Margrét Kara er á öðru ári í heilbrigðisverkfræði í HR og er í lokaprófum um þessar mundir. Hún segist að jafnaði taka daginn snemma í próflestrinum. „Ég reyni að vakna snemma og nýta daginn vel og slaka svo á á kvöldin. Ég hef aldrei prófað að læra alla nóttina fyrir próf. Mér finnst ég bara ekki ná að koma neinu inn í hausinn á mér þegar ég læri seint á kvöldin,“ segir Margrét Kara.

Hún segir körfuboltann gera það að verkum að hún þarf að færa ákveðnar fórnir í skólanum, einkum í félagslífinu. „Auðvitað kemst maður ekkert í öll partí og svona í skólanum, en maður reynir að láta þetta ganga upp saman. Það er lykilatriði að skipuleggja sig vel,“ segir Margrét Kara sem stefnir á meistaranám erlendis eftir að hún útskrifast úr HR. Þrátt fyrir mikinn sjálfsgáa í prófatörminni leyfir hún sér að slaka á inni á milli. „Við erum nokkur í hóp sem lærum saman og dettum alltaf í smá rugl inni á milli. Þá fer maður að spjalla og skoða einhver myndbönd. Það er bara gaman að því.“

PRÓFRÁÐ
Margrétar Kóru:
„Ekki lesa yfir þig!“



Mynd/Ernf

Aldrei samið eins mikið af tónlist

Haukur Heiðar, söngvari Diktu, útskrifaðist úr lækisfræði í HÍ árið 2008.

„Ég samdi aldrei eins mikið af músík og þegar ég var í prófum. Það var alltaf kassagítar við hliðina á mér og þegar maður var búinn að lesa of mikið greip maður í hann,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari hljómsveitarinnar Diktu. Haukur er menntaður læknir en hann útskrifaðist úr HÍ árið 2008. „Ég er nokkuð viss um að Breaking the Waves hafi verið samið í prófatörn,“ segir hann spurður um hvort einhverjir þekktir slagarar hafi fæðst á meðan á próflestri stóð.

Haukur segist hafa verið náttfráfrn og lærði hann að jafnaði á nóttunni en svaf á daginn. „Mér fannst alltaf mjög gott að læra á kvöldin og nóttunni. Þegar það er komin nótt er alger ró og allir á heimilinu farnir að sofa. Enginn hringir í mann og ekkert er í sjónvarpinu,“ segir Haukur.

Hann kannast vel við það að hafa misst sig í að gera allt annað en að læra þegar hann átti að vera að því. „Maður las Morgunblaðið alveg frá síðu eitt til fjórutíu og Fréttablaðið frá forsiðu til baksíðu. Gítarinn og píanóið voru líka oft talsvert skemmtilegri en bókin. Maður fann sér allt annað að gera en að fara að lesa. Ég skoðaði líka allt netið og tókst að klára það einu sinni,“ segir Haukur.



LÆKNIRINN HAUKUR HEIÐAR
ROKKAR BETUR EN FLESTIR

PRÓFRÁÐ
„Að gefa sér tíma til upprifjunar.“

Félaginn orðinn doktor í YouTube

Bjarni Guðjónsson, knattspyrnumaður, útskrifast sem viðskiptafræðingur í vor.

„Ég var einmitt að klára síðasta prófið mitt í dag,“ sagði knattspyrnumaðurinn Bjarni Guðjónsson þegar Monitor sló á þráðinn til hans. Bjarni útskrifast úr viðskiptafræði frá HR í vor og er um þessar mundir að ljúka við lokaverkefni sitt. „Við erum að skrifa um verðteygni eldsneytisverðs á Íslandi. Þið viljið kannski birta brot úr ritgerðinni í Monitor?“ grínast Bjarni og er auðheyrð að ritgerðarskrifin eru ekki það skemmtilegasta sem hann hefur gert.

Bjarni segist hafa reynt að taka á náminu eins og hefðbundinni vinnu frá upphafi. „Ég á mjög erfitt með að einbeita mér eftir klukkan 10 á kvöldin, þannig að þetta verður að gerast á daginn. Ég held að lengst hafi ég verið uppi í skóla til klukkan hálf tíu um kvöld. Ég verð að fá mína átta til tíu tíma á nóttunni,“ segir Bjarni.

Hann segist aldrei hafa leyft sér að detta í vitleysuna í próflestri, þótt það hafi stundum verið freistandi. „Ég fæ samt að kynnst þessu vel hjá félagá minum sem er að skrifa með mér ritgerðina. Hann er duglegur að finna sér allt annað að gera. Eftir þrjú ár í háskóla er hann kominn með doktorsgráðu í YouTube.“

Prófráð Bjarna:
„Það hefur hentað mér mjög vel að skipuleggja námið eins og vinnu.“



BJARNI TÆKLAR VERÐTEYGNÍ
ELDNEYTISVERÐS Í DAG

Fljótur að detta úr venjulegri rútinu

Bergur Ebba úr Mið-Íslandi útskrifaðist sem lögfræðingur frá HÍ árið 2007.

„Ég var frekar venjulegur námsmaður. Ef maður er þannig er nám ekkert erfitt. Í rauninni er það algjör draumur og grín að vera í námi miðað við lífið sjálft,“ segir Bergur Ebba Benediktsson, meðlimur uppstandshópsins Mið-Íslands og lögfræðingur frá HÍ. Hann segist hafa reynt að mæta í flesta tíma á námsferlinum en hann var ekki eins duglegur við að lesa sjálfur yfir önnina. „Ég var samt alltaf með einhverja hugmynd um hvað ég var að fara að lesa upp. Svo lærði maður alveg eins og asni undir lokin því þá þurfti maður líka að fara að læra hluti utan að,“ segir Bergur.

Þótt Bergur hafi verið góður námsmaður játar hann að hafa verið gjarn á að finna sér annað að gera en að læra á meðan á prófum stóð. „Þegar upplestrarfríið og próflesturinn byrjaði var maður fljótur að detta úr venjulegri rútinu. Þá hætti maður að vakna á morgnana og fór að borða á óreglulegum tímum. Mér fannst það mjög gaman en maður var fljótur að þreytast á því. Eftir þriggja vikna prófatörn var maður alveg búinn,“ segir Bergur.

Prófráð Bergs Ebba:
„Þetta hefðbundna, að borða og sofa vel. En maður gerir það aldrei.“



LÖGFRÆÐIN ER
EKKERT GRÍN

Dónavísur til að muna latínuna

Ragnhildur Steinunn útskrifaðist sem sjúkraþjálfari frá HÍ árið 2007.

„Þegar ég var að klára háskólanámið var ég byrjuð í Kastljósinu og þá lenti ég í því að taka þvílíkar tarnir fyrir próf. Ég setti ófá met í Magic-drykkju þegar ég var að reyna að halda mér vakandi,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sjónvarpskona, sem er menntaður sjúkraþjálfari. „Tímasóknin var ekki alveg til fyrirmyndar hjá mér og maður þurfti að vinna upp allt sem maður hafði misst af. Ég kannski las til fjögur á nóttunni, svaf svo til sjö og vaknaði þá og fór í prófið. Tók þetta pínulítið á geðveikinni,“ segir Ragnhildur og hlær.

Hún tekur þó fram að tarnirnar hafi átt vel við hana. „Stressið vann ekki á móti mér, heldur gat ég notað það með mér. Mér fannst fint að vera svolítið stressuð og finnst ég hafa lítinn tíma því þá þurfti ég að vaka og læra, í stað þess að hafa allan tímamann í heiminum og sofna bara yfir þessu,“ segir Ragnhildur. Hún segir það hafa hjálpað sér mikið í lærdómnum að búa til margs konar vísur og ljóð til þess að læra hluti sem erfitt var að festa á minnið. „Ég var mikið í líffærafræði í mínu námi og þar þurfti ég að muna hin ýmsu latnesku heiti. Þá var ég mikið í því að búa til vísur, oft einhverjar donavísur, til þess að muna kannski öll beinin í handleggnum. Það svínvirkaði,“ segir Ragnhildur.

Prófráð Ragnhildar Steinunnar:
„Að semja vísur og ljóð til að muna hina ýmsu hluti klikkar aldrei.“



ÍSLANDSMEISTARI Í
ORKUDRYKKJABAMBÍ?

GRÍPTU PÉR
burn[®] **ENERGY**

BURN INTENSE ENERGY



VARÚÐ
HÁTT HLUTFALL KOFFÍNS

"Burn" and "Burn Intense Energy" are trademarks of the Coca-Cola Company ©2006 The Coca-Cola Company

Kvenhyllin hefur aukist

Maggi Mix svarar spurningum lesenda

Hinn 25 ára gamli Magnús Valdimarsson, betur þekktur sem Maggi Mix, hefur vakið mikla athygli síðustu daga fyrir matreiðslumyndbönd sín og tónlistarmyndbönd. Þegar þetta er skrifað eru aðdáendur Magga Mix á Facebook komnir yfir 24 þúsund. Maggi Mix hefur verið í viðtölum í nær öllum fjölmiðlum landsins, en Monitor ákvað að leyfa lesendum að spyrja spurninganna að þessu sinni. Fjölmargar spurningar bárust og hér eru þær bestu.

Arnar Ingólfsson

Hvar fékkstu hugmyndina að því að gera þættina og semja geðveiku lögin þín?

Sum lögin eru alveg síðan ég var 18 ára, þá fór ég að gera einhver lög. En matreiðslumyndböndin eru ný. Ég byrjaði á því að gera einn rétt og svo hélt ég bara áfram því fólk fílaði þetta svo mikið og vildi sjá meira.



Viðar Birkir, 18 ára

Er sumt af þessu sem þú hefur sungið um eitthvað sem hefur gerst í lífi þínu í alvörinni, eins og tíðkast hjá tónlistarmönnum? Nei, ekki eins og er allavega.

Pálmi Freyr, 22 ára

Hvor myndi vinna slag, Jesús eða Maggi Mix?

Það myndi bara vera jafntefli. Jesús er náttúrulega góði karlinn og ég er góði karlinn þannig að þetta yrði jafnt.

Allan, 24 ára

Hverjir eru helstu áhrifavaldir Magga Mix?

Það hefur örugglega ekki farið framhjá neinum að mér finnst Jói Fel mjög finn, svona í sambandi við matargerð og annað. Í tónlistinni er það enginn einn sérstakur. Mér finnst Akon mjög skemmtilegur en annars er það enginn ákveðinn.

Stefán Snær, 17 ára

Myndir þú segja jarðarberjaíssósuna vera undirstöðu í öllum mat? Ekki öllum en hún hentar með mjög mörgu. Til dæmis með banana og ís.

Sölvi, tvítugur

Hver er draumprinsessa Magga Mix? Hún verður helst að hafa svipuð áhugamál og ég, til dæmis matargerð, og bara hafa gaman af lífinu.

Tumi, á besta aldri

Er frægðin byrjuð að stíga þér til höfuðs?

Ég er alveg sami maður og ég var og ég held að ég hafi lítið breyst. Ég er allavega ekki með neina stjórnustæla, ekki eins og er allavega.

María Björk, 17 ára

Er nafnið Maggi Mix eitthvað tengt gosdrykkjum Mix? Kæmi ekki til greina að fara að auglýsa hann? Það er ekkert endilega tengt honum. Það væri alveg möguleiki að auglýsa hann ef maður fengi einhvern góðan samning.

Helgi, 23 ára

Hvað græðir þú mikið á sölu á DVD-diskunum og bolunum? Ég er ekki enn byrjaður að selja boli. Ég er að fá sendinguna núna. En það er bara eitthvað lítið sem ég sel, einn og einn diskur.

Sylvía, 17 ára

Hvað langar þig að gera í framtíðinni? Mér finnst bara fint að gera það sem ég hef verið að gera. Annars er allt óráðið.

Rómeó, 46 ára

Finnurðu fyrir aukinni kvenhylli eftir að þú varðst svona frægur?

Já, aðeins. Fólk sér karakterinn og kvenþjóðin fílar mann meira. Ekki kannski af því að maður er frægur heldur fíla þær persónuleikann og myndböndin og svona. Það er persónuleikinn meira en frægðin.



Gummi, 15 ára

Hefurðu verið í einhverjum íþróttum og með hvaða liði heldurðu í ensku deildinni?

Nei, eiginlega ekki. Ég hef áhuga á fótbolta en hef ekki spilað mikið sjálfur nema bara með vinum mínum þegar það er gott veður. Ég held með Manchester.

Margrét Ósk, 23 ára

Af hverju heldur þú að svona margir fíli þig svona vel?

Af því að ég er jákvæður og út af karakternum. Ætli það sé ekki út af einhverju svoleiðis. Líka af því að ég tala ekki um þessa kreppu á síðunni. Þar eru engin stjórnmál og engin kreppa.

Kristján Ingi, 18 ára

Hver er uppáhaldssjónvarpsþátturinn þinn?

Mér finnst Auddi og Sveppi skemmtilegir en annars horfi ég nú lítið á sjónvarp.

Sylvía, 17 ára

Í hvaða skóla varstu og úr hvaða hverfi kemurðu?

Ég kem úr Kópavoginum. Ég hef verið í þremur skólum. Ég var í Hjallaskóla, svo fór ég í Snælandsskóla og svo fór ég í Iðnskólann í Reykjavík að læra málmsmiði.

Andrés, 27 ára

Hvað kostar að fá þig til að vera DJ í partí?

Það fer eftir stað og tíma og dagsetningu. Það hefur yfirleitt verið samið um það bara. Það er til dæmis öðruvísi ef það er úti á landi og svona. En ég er með mjög sanngjarnt verð.

Nökkvi

Hvernig er best að heilla dömurnar upp úr skónum, Maggi Mix? Best er að vera maður sjálfur og vera bara herramaður.

Ólöf Ósk

Óttastu að þú munir allt í einu hætta að vera vinsæll? Bara bæði og. Ef það gerist þá gerist það.

Sigmar, 14 ára

Hver er besti vinur þinn? Ég á tvo, annar heitir Karl Eiður og hinn heitir Bjarki Freyr.

Rúnar, 24 ára

Um hvaða stelpu samdir þú lagið Sexý bomba?

Bara einhverjar stelpur. Enga sérstaka. Bara einhverjar þarna á klúbbnum.

Jón Gunnar, 22 ára

Hver finnst þér vera kynþokkafyllsta kona á Íslandi? Þetta er nú erfið spurning. Ég segi bara öll íslenska kvenþjóðin, hún er falleg.

Sandra Björk

Hvað gerðir þú áður en þú varðst svona vinsæll á netinu?

Ég var eiginlega ekki að gera neitt af viti. Hver dagur var bara mjög svipaður þeim næsta. Sofa, borða, fara í bíó og sund og hitta vini mína og svona. En núna vinn ég í þessu á fullu.

Frikki, 29 ára

Gætir þú hugsað þér að vinna sem kokkur og búa til alla þessa svakalegu rétti þína á alvöruveitingastað?

Nei, ég held að það væri leiðinlegt. Nema ég væri með minn eigin stað.



MAGNÚS VALDIMARSSON Á NÆSTUM ÞVI 25 ÞÚSUND AÐDÁENDUR Á FACEBOOK

Gunnar Már, 26 ára

Ég var að bjóða stelpu á deit og langar mikið að elda einhvern flottan mat fyrir hana. Með hverju mælir Mixarinn á fyrsta deiti? Sko, ef við förum yfir í mína rétti mæli ég með bananarnarlinu. Ástargotteri er líka mjög skemmtilegur réttur. En svo er bara hægt að elda hvað sem er.

Sigrún Edda, 24 ára

Ertu með aldurstakmark á stelpur sem þú myndir vera með? En aldurshámark?

Aldurstakmark hjá mér er 18 ára, svona til að hafa þetta löglegt. Ég er ekkert með neitt hámark sérstaklega, en ég er kannski ekki í einhverju fertugt plús. Ég er sjálfur 25 ára þannig að eitthvað í kringum það er bara flott.

Páll Helgi, 16 ára

Hvað varð til þess að þú byrjaðir að gera myndbönd og setja þau á netið?

Ég gerði einn rétt og svo bara hélt ég áfram af því að fólki líkaði hann svo vel.

Þorvaldur Már

Hvernig er að vera orðinn frægur? Ég tel mig ekki vera það frægur, ég tel mig vera þekktan, en það er bara mjög fint og mjög svipað og áður.

Unnsteinn, 21 árs

Ertu mikill djammari? Drekkurðu áfengi?

Nei, ég drekk ekki og reyki ekki heldur. Ég fer lítið niður í bæ og svona, nema ég sé að spila sjálfur.

Emil, 16 ára

Hvaða forrit notarðu til að gera tónlistina þína?

Það heitir Garage Band.

Magnús Þór, 25 ára

Ertu tilbúinn að gera hvað sem er fyrir rétta upphæð?

Hvað sem er? Það er nú erfið. Ætli það fari ekki bara eftir því hvað það er. Svona innan eðlilegra marka.

Og já...

• Franska

landslíðið í handknattleik lék tvo æfinga-leiki við það íslenska síðustu helgi og á laugardagskvöldinu héldu flestir leikmenn liðsins út á lífið í miðbæ Reykjavíkur. Nokkrir frönsku leikmannanna fóru á skemmtistaðinn Austur og nutu mikillar athygli meðal kvenkyns gesta staðarins. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Monitor yfirgáfu tveir af þekktari leikmönnum liðsins staðinn í fylgd með tveimur ungum dómum og héldu þau rakið í leiðum sem ók með þau á brott. Hvert ferðinni var heitið skal ósagt látið, en líklega var stefnan ekki tekin á að fara yfir leikkerfi fyrir næsta stórmót.



• Söngvarinn

Fríðrik Dór

sendir nýtt lag í spilun um helgina. Lagið heitir Fyrir hana og á það að fylgja eftir vinnendum laganna Hlið við hlið og Á sama stað sem Fríðrik sendi frá sér fyrir nokkrum mánuðum. Lagið verður frumflutt í morgunþættinum Zúuber á fimmtudagsmorgun og verður spennandi að sjá hvort landinn tekur jafn vel í Fyrir hana og hin lög Fríðriks.



• Margir hafa

fundið fyrir afleiðingum eldgosins og um alla Evrópu eru stranda-glópar vegna öskunnar sem hefur hamlað flugumferð. Knattspyrnulið FH, Vals og Hauka voru til að mynda stöð í Portúgal, þar sem þau undirbyggju sig fyrir komandi átök á Íslandsmótinu í knattspyrnu, og neyddust til að vera þar lengur vegna öskunnar. Flestir leikmenn liðanna höfðu reyndar lítið á móti því að þurfa að vera aðeins lengur í sólinni og hitanum.



• Knattspyrnu-

liðin voru ekki þau einu sem lentu illa í því. Fréttablaðið greindi frá því að kvikmyndagerðarmaðurinn Ágúst Jakobsson hefði þurft að taka leigubíl frá Barcelona til London þar sem hann komst ekki með flugvél. Ágúst þurfti að komast þangað til að taka upp auglýsingu með knattspyrnuhetjunni Lionel Messi fyrir kínverskt fjármála-fyrirtæki.

Ferðin tók rétt innan við sólarhring og hljóðaði reikningurinn upp á litlar 700 þúsund íslenskar krónur. Menn hafa oft kvartað yfir að þurfa að borga mikið fyrir farið með leigubíl hér á landi, en vonandi eru einhver ár í að við sjáum svona reikninga fyrir túrinn.

• Ómar Ey-

þórsson

hefur verið ráðinn dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar X-ins. Ómar hefur starfað í útvarpi í nokkur ár og er alsæll með nýja starfið, en að hans sögn verða ekki miklar breytingar á stefnu stöðvarinnar. Ómar sér sjálfur um morgunþættinn Ómar sem er á dagskrá alla virka morgna á milli kl. 7 og 11.





HRAFN GUNNLAUGSSON TEKUR Á ÞVI Í RÆKTINNI UM ÞESSAR MUNDIR

Með sólgleraugu í ræktinni

Hrafn Gunnlaugs ætlar að verða kattliðugur

„Ég hef verið í ræktinni í um það bil einn mánuð og líkar vel. Maður er að herða upp vélna,“ segir Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri. Fastagestir World Class í Laugum hafa tekið eftir Hrafn við æfingar í stöðinni að undanförmu, en hann segist þó ekki vera í sérstöku átaki. „Ég er aðallega að gera liðkunarfingar og reyna að liðka mig aðeins, þannig að maður verði liðugur eins og kötturinn,“ segir Hrafn.

Það hefur vakið athygli að Hrafn er með sólgleraugu á meðan á æfingunum stendur og hafa margir velt því fyrir sér hvers vegna það er. „Það er nú bara vegna þess að mér

finnst svo bjart þarna inni. Ég fæ hausverk af svona mikilli birtu þannig að mér finnst betra að vera með sólgleraugu,“ segir Hrafn. Hann hefur litlar áhyggjur af því að einhverjir kunni að túlka sólgleraugun sem sérvitringshátt eða stjörnutæla. „Menn mega túlka þetta eins og þeim sýnist, það er allt í lagi mín vegna. En það er ekki ástæðan.“

Hrafn hefur átt í leiðinlegru deilu við borgaryfirvöld undanfarið, eins og mikið hefur verið fjallað um. „Ég fæ bara þunglyndiskast af því að tjá mig um þetta mál. Ég fer bara í ræktina til að reyna að gleyma þessu svo ég fái ekki enn verra þunglyndiskast,“ segir Hrafn léttur.

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Hera fer að gjósa

Það er oft sagt að slæm athygli sé betri en engin athygli og það er örugglega eitthvað til í því. Það er staðreynd að fjöldamörg frábær Eurovision-lög hafa ekki fengið þá athygli sem þau áttu skilið að fá – þau hafa einhvern veginn flogið undir radarinn og fallið í gleymiskunnar dá. Þannig er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að sú athygli sem Ísland fékk vegna hrunsins hafi átt sinn þátt í velgengni okkar í fyrra, þótt sú staðreynd að Jóhanna Guðrún var besta söngkonan í keppninni hafi líka hjálpað mikið til. Svo ekki sé minnst á höfninginn góða. Annað árið í röð erum við í þeirri góðu stöðu að hafa ratað í erlenda fjölmiðla skómmu fyrir Eurovision fyrir að vera með eitthvert vesen. Þetta er nokkuð sem ég tel að við ættum að nýta okkur til fullnustu. En neikvæð athygli ein og sér er ekki nóg, enda myndi Ísrael sigra á hverju ári ef sú væri raunin. Þess vegna þurfum við að hugsa aðeins út fyrir rammann. Ég sé fyrir mér tónlistarmyndband þar sem

6 vikur
í Eurovision



Hera Björk spýttist upp í gegnum sprungu á Eyjafjallajökli með miklum hamangangi.

Þaðan svifur hún svo yfir alla Evrópu á gráu skýi og sáldrar ösku yfir helstu alþjóðaflugvelli, eins og Óli lokbrá. Og hlær og hnykkir hálsinum eins og systir frá Brooklyn.

Taka mætti mið af þessu í sviðsframkomunni líka. Margir tóku eftir því að það rauk úr Heru á lokavöldinu í forkeppninni hérna heima, svona eins og hún væri að koma úr heitu baði. Það var góð byrjun en ég vil ganga lengra og dulbúa hana sem eldfjall.



Hægt væri að klæða hana í einhvers konar múnðeringu sem svipaði til þeirrar sem Björk var í á opunarhátíð

Ólympíuleikanna um árið, þar sem hún risi hægt og rólega upp á topp eins og kvika úr iðrum jarðar og flytti atriðið sitt, helst í ljósum logum. Þá gætu hundrad sjö ára ballerínur í dulum þeyst um salinn og sáldrað ösku yfir áhorfendur á meðan á atriðinu stendur. Mun þetta duga til þess að fá Eurovision 2011 í Egilshöllina? Ég veit það ekki. En við gleymumst allavega ekki. Það er víst. haukurjohnson@monitor.is

Sumarið er loksins komið

Vera Hilmarsdóttir filar afslappað og kæruleysislegt í tískunni.

SISTER'S POINT-JAKKI
„Rauður og léttur fyrir sumarið. Líka til í svörtu.“
8.990 kr.
Retro



SÓGLERAUGU
„Það er glæpur að fá sér ekki ný fyrir sumarið.“
1.990 kr.
Retro



SVARTUR SPARKZ-BLUNDUBOLUR
„Svalur fyrir bæði hversdagsleg og finni tækifæri.“
4.990 kr.
Retro

HVÍTUR HLYRABOLUR
„Ódýr og þægilegur. Til í mörgum litum.“
1.990 kr.
Retro



KINNALITSBURSTI
„Einstaklega mjúk nælonhár.“
1.890 kr.
Body Shop

COLOURGLIDE-VARALITUR
„Endingargóður og rakagefandi. Fæst í fjölda litbrigða.“
1.460 kr.
Body Shop

KINNALITUR
„Bjartir og sumarlegir litir gefa aukinn ferskleika.“
1.540 kr.
Body Shop



LJÓSAR SPARKZ-GALLABUXUR
„Þröngar og klassískar.“
13.990 kr.
Retro

ADIDAS-SKÓR
„Grimmlega góðir. Rauðir og svartir.“
17.990 kr.
Retro



VERA HILMARSDÓTTIR

14.04.92
Nemi á öðru ári í MS.

Hvað filar þú mest í tísku?
Mér finnst svona lausir mosagrænir jakkar mjög flottir. Ég elska líka armbönd. Ég fíla bara allt sem er afslappað og kæruleysislegt.

Hvaða liti filar þú mest?
Hljá liti. Jarðar- og haustliti.

Hvaða flík keyptir þú síðast?
Ég keypti hvítan jakka í Zöru fyrir sumarið. Ég er farin að hlakka til sumarsins og hann minnti mig á það.

Hvað er uppáhaldsmerkið þitt?
Forever21, Zara, Accessorize og fleiri.

Hverju myndir þú aldrei klæðast?
Ég myndi aldrei klæðast neinu úr spandexi eða leðurboxum. Ekki heldur sundbol eða nælonsokkum.

Hvaða tónlist hlustar þú mest á?
Ég hlusta á mjög margt. Til dæmis Radiohead, Arctic Monkeys, Muse og Coldplay. Ég elska Coldplay.

Hver er uppáhaldskvikmyndin þín?
Ég fór nýlega á Hot Tub Time Machine í bíó og hún er mjög ofarlega á lista. Ég hef aldrei grenjað jafnmikið af hlátri.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?
Ég er væntanlega að fara að vinna á leikskóla og líka í bíói. Svo ætla ég bara að fara í útilegur og reyna að njóta lífsins sem mest.

Hvað langar þig að vinna við í framtíðinni?
Eitthvað líffræðitengt og svo væri gaman að gera eitthvað tengt listum með því. Mála eða teikna eða eitthvað svoleiðis, en það er kannski erfitt að lifa af því.

Myndir/Allan

Alltaf komið sterkur til baka

Hermann Hreiðarsson er að jafna sig af erfiðum meiðslum. Hann er langt frá því að vera hættur að spila fótbolta og ætlar að koma til baka sterkari en nokkru sinni fyrr.

Eftir Björn Braga Arnarsson bjornbragi@monitor.is

Hermann Hreiðarsson er fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu og leikmaður Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni. Hann stendur á krossgötum á ferlinum en hann lenti í erfiðum meiðslum á dögnum og verður frá knattspyrnu í að minnsta kosti hálf ár. Þótt Hermann sé bundinn við hækjur og geti lítið hreyft sig lætur hann engan bilbug á sér finna. Hann er andlit nýrrar herferðar samtakanna Blátt áfram, sem hófst í þessari viku, þar sem fólk er vakið til vitundar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Þú ert andlit nýrrar herferðar Blátt áfram sem fór af stað í þessari viku. Hvernig kom það til?

Þetta byrjaði þannig að við töluðum við nokkur góðgerðarfélög í kringum golfmótið¹ í fyrra. Árið áður söfnuðum við peningum fyrir SOS Barnaþorp, sem ég hef verið sendiherra fyrir á Íslandi, en eftir að allt fór á hausinn fannst manni eðlilegra að einbeita sér að góðgerðarfélögum á Íslandi. Við ræddum meðal annars við Blátt áfram sem er að vinna virkilega áhugavert og nauðsynlegt starf í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Þannig byrjaði þetta og við höfum verið í sambandi síðan.

Mér finnst bara skemmtilegt ef það er frétt að Hemmi hafi fengið sér bjór og sungið í karóki.

Ég frétti að þú hefðir haft samband við þau að fyrra bragði og óskað eftir því að taka þátt í herferðinni.

Ég ætla nú ekki að taka neitt kredit fyrir það. Það var engin spurning að ég vildi fá að taka þátt í þessu verkefni, enda er Blátt áfram að vinna frábært starf. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er viðbjóðslegt, en því miður er það töluvert algengara en fólk gerir sér grein fyrir. Það eru allir hissa þegar þeir sjá tölur yfir hversu algengt þetta er. Þessu þarf að breyta og ég tel að það þurfi ekki mikið til. Fyrst og fremst þarf að upplýsa fólk um þetta almennt. Foreldrar eru auðvitað ábyrgir fyrir sínum börnum og þurfa sjálfir að upplýsa þau, þó að þetta sé viðkvæmt mál og kannski óþægilegt að

ræða um. Krakkar eru bara krakkar og vita ekki betur en fullorðið fólk segir þeim. Ef rétta fólkið upplýsir krakkana þá er hálfur sigurinn unninn.

Hvað ertu að gera um þessar mundir, hálfaralama og gífsaður?

Það er eitthvað lítið sem ég get gert. Ég losna við gífsið í þessari viku en ég má ekki stíga í fótinn í nokkrar vikur á meðan þetta er að gróa. Fyrir ofvirkan mann eins og mig er það frekar erfitt, maður má ekkert gera af viti. Mér hefur oft fundist ég vera gagnslaus en aldrei meira en núna. Maður getur ekki haldið á kaffibolla án þess að sulla kaffinu yfir sig. En ég reyni nú að hafa eitthvað fyrir stafni og láta tímann líða. Það hefur verið fínt veður þannig að maður kemur sér fyrir úti og fær sér kaffi. Svo þarf maður að fara á klósettið inni á milli og það er hálf tíma atriði, þannig að tíminn er fljótur að líða.

Áttu mikið eftir í boltanum?

Já. Þetta eru auðvitað skítameiðsli en ég er harðákveðinn í að koma til baka og hætta þegar ég vil hætta. Ég vil geta tekið þá ákvörðun sjálfur í stað þess að hún sé tekin fyrir mig. Það er ágætiskraftur í löppunum ennþá og í skrokknum í heild sinni. Á þessum aldri² fara menn oft að spyrja hvort þetta sé ekki að verða búið, en ég ætla að reyna að halda áfram eins lengi og ég get. Þótt aldurinn skipti einhverju máli er miklu meira atriði í hvernig standi maður er og ég er í finu standi. Þessi meiðsli eru bara ein af þessum hindrunum sem maður lendir í á lífsleiðinni og þarf að komast yfir.

Samningur þinn við Portsmouth rennur út eftir tímabilið. Er eitthvað komið á hreint varðandi framhaldið?

Nei, þessi meiðsli setja allt í óvissu varðandi framhaldið. Ég á eftir að tala við klúbbinn um hvort þeir hafa áhuga á að hafa mig áfram, en meiðslin veikja stöðu mína töluvert. Ég ætla fyrst og fremst að einbeita mér að því að ná mér góðum áður en ég fer af stað. Svo verð ég bara að bíða og sjá.

Hvað langar þig að gera eftir að ferlinum lýkur?

Maður er búinn að vera í fótbolta í það langan tíma að það er engin spurning að mig langar að reyna fyrir mér í þjálfun. Ég ætla að afla þeirra réttinda sem þarf að afla og gefa því séns. Sjá hvort ég hef gaman af því og hvort maður getur eitthvað sem þjálfari.

Áttu von á því að flytja til Íslands eftir að þú hættir að spila?

Á 60 SEKÚNDUM

Ef það yrði gerð bíómynd um þig, hver myndi leika þig? Dolph Lundgren. Hann þarf reyndar að fara í ræktina í mánuð, þá nær hann mér.



Hvaða plötu ertu með í spilaranum núna? Nýja diskinn með Diktu. Ég er hrikalega ánægður með þá.

Án hvaða íslenska matar getur þú ekki verið þarna úti? Ég get ekki verið án harðfisks. Ég er mjög oft með harðfisk hérna. Ég verð líka að hafa íslenskan ost, eins og Gotta. Hann er uppáhaldið mitt.



Hvað óttastu mest? Veikindi og slys ástvína. Maður er ánægður svo lengi sem fjölskyldan, vinir og ættingjar eru heilir heilsu.

Hvað ertu með mörg húðflúr? Eitt.

Hvað er það fáránlegasta sem þú hefur keypt? Mótörhjul í afmælisgjöf handa konunni. Ég hef aldrei orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum á ævinni. Ég ætlaði að vera ógeðslega myndin, en svo fattaði ég að þetta var eiginlega ekkert fyndið heldur var þetta bara ótrúlega heimskulegt. Hún myndi aldrei keyra mótörhjul og hvað þá sitja aftan á því. En hún gleymir því allavega aldrei hvað hún fékk í afmælisgjöf þetta árið.

En það fáránlegasta sem þú hefur lent í? Að vera kærður fyrir að kaupa ekki hús sem mig langaði kannski í.³

Það er erfitt að segja. Ég er ekki mikið fyrir að ákveða hlutina langt fram í tímann. Við erum búin að vera lengi á Englandi, yngstu dætur okkar hafa búið hérna allt sitt líf. Okkur líður mjög vel og kannski reynum við að vera eitthvað hérna áfram.

Eru menn eitthvað að skjóta á þig fyrir að vera búinn að falla svona oft úr ensku úrvalsdeildinni?⁴

Nei, ég hef bara aldrei nokkurn tímann heyrt minnst á þetta! Ef ég hefði ekki meiðst í vetur hefðum við líka að sjálfsgöðu haldið okkur uppi, en svona er þetta. Nei, nei, menn eru nú ekkert mikið að skjóta, enda er þetta ekkert viðkvæmt. Þetta er bara staðreynd sem maður hleypur ekkert undan. Auðvitað er glötuð tilfinning að falla og tapa, eins og allt íþróttafólk veit, en ég hef alltaf komið sterkur til baka. Það eina sem maður getur gert á vellinum er að skila sínu og þegar ég hef horft til baka eftir hvert tímabil hef ég alltaf verið nokkuð sáttur með mína frammistöðu. Það hafa verið margar erfiðar stundir og erfiðir tímar, en erfiðir tímar vara ekki að eilífu. Eins og sagt er á ensku: „Tough times don't last, but tough people do.“

Orðskýringar

1. Herminator Invitational er golfmót sem Hermann stendur fyrir árlega í Vestmannaeyjum. Þangað mæta margar stjórnur til leiks og safnað er fé til góðgerðarmála. **2.** Hermann sleit hásin í leik Portsmouth og Tottenham í lok mars. Hann er búinn að gangast undir aðgerð og verður frá í að minnsta kosti hálf ár. **3.** Hermann verður 36 ára í sumar. **4.** Hermann hefur fallið úr ensku úrvalsdeildinni með fimm liðum, Brentford, Wimbledon, Ipswich, Charlton og Portsmouth. **5.** Bubbi Morthens fór í mál við vikublaðið sáluga, Hér og nú, eftir að birt var frétt með fyrirsögninni „Bubbi fallinn“. Bubbi vann málið og voru honum dæmdar 700 þúsund krónur í miskabætur. **6.** Goslokahátíðin er haldin fyrstu helgina í júlí í Vestmannaeyjum á hverju ári, en þá er goslokanna í Heimaey minnst. **7.** Ólafur Jóhannesson hefur stýrt íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu frá árinu 2007. **8.** Hermann stendur um þessar mundir í sérstökum málaferlum. Hann gerði tilboð í hús á Íslandi en hætti síðan við að kaupa það. Húseigandinn taldi ólögmætt að Hermann félli frá tilboðinu og kærði hann.



viõtaliõ

Ef Monitor myndi skrifa frétt um þig með fyrisögninni „Hemmi fallinn“, myndir þú þá fara í mál við okkur?
 Ég myndi nú ekki fara í mál við ykkur, en kannski berja ykkur.

Þú ert þekktur fyrir að taka aðeins í fólk, hefur það einhvern tímann endað í tárur og sárum?
 Nei, það er nú aldrei tilgangurinn að skapa einhver illindi eða leiðindi. Þetta er bara einhver barnalegur og asnalegur húmor í mér. Oftast er maður bara að sjá úr hverju fólk er gert. En þetta er eiginlega orðið þannig að fólk verður sárt ef maður skilur það út undan. Ég er búinn að telja fólk trú um að það sé merki um kærleik þegar ég er að pína það eða fara í slag við það, þannig að menn eru farnir að hugsa með sér hvort ég sé hættur að fíla þá ef ég tek ekki í þá.

Bresku slúðurblöðin birtu eftirminnilegar myndir af þér á djamminu í vetur. Þessar myndir þú að fá svona umfjöllun?
 Nei, alls ekki. Mér finnst bara skemmtilegt ef það er frétt að Hemmi hafi fengið sér bjór og sungið í karóki. Þeir sem hafa heyrt mig syngja vita að það er ekki fallett en ef ég kemst í fréttirnar fyrir það, þá er það bara kúl.

Hversu frægur ertu úti í Bretlandi?
 Ég er allavega ekki jafnfrægur og David Beckham, en ég er samt dálítið líkur honum með sóglæraugu.

Þú ert óneitanlega einn af vinsælli leikmönnum Portsmouth. Filar þú að spjalla við aðdáendurna og grilla í þeim?
 Já, það eru náttúrulega þvilk forréttindi að fá að spila í ensku úrvalsdeildinni og þessi deild væri ekkert án þessara brjáluðu aðdáenda. Það eru fyrst og fremst þeir sem búa hana til. Stemningin á völlum og allt í kringum mann er alveg ólýsanleg og hjá mörgum snýst vikan hreinlega um hvernig

úrslitin hjá liðinu þeirra voru. Ef einhver vill áritun eða mynd eða eitthvað slíkt gef ég mér alltaf góðan tíma í það. Þetta er bara hluti af starfinu og engin spurning að verða við því.

Flettir þú í gegnum spjallborð á aðdáendasiðum eða gúgglar þú sjálfan þig?
 Nei. Ég og tölur erum eiginlega stál í stál. Ég hef stundum komist inn á MBL og Vísi og lesið fréttir þar, en lengra kemst ég ekki.

Hver er besti vinur þinn í enska boltanum?
 Ég vil nú ekki gera upp á milli manna. Í vetur hefur verið svona smá kjarni sem heldur hópinn, það eru ég, Mark Wilson, David James, Richard Hughes, Steve Finnan og Hayden Mullins. Þetta eru svona þeir sem ég hef hangið mest með í vetur.

Hver er frægasta manneskja sem þú þekkir fyrir utan fótboltann?
 Baddi í Jeff Who? Við rokkuðum saman á Goslokahátíðinni⁹ í fyrra. Baddi sagði sjálfur að honum hefði aldrei liðið eins vel á sviði eins og með mér. En það var bara af því að ég var að syngja líka.

Hvað með íslenska landsliðið, er það á réttri leið?
 Já, það er engin spurning. Ólí⁷ er búinn að stílla liðið nokkuð vel af. Það hefur alltaf vantað stöðugleika í liðið en það var góður stöðugleiki alla síðustu keppni. Við hefðum getað unnið Noreg bæði heima og úti og eins hefðum við getað unnið Hollendinga úti. Oft datt þetta bara ekki með okkur. Við vorum aldrei neitt skammarlegir og við áttum einn eða tvo frábæra leiki, eins og á móti Norðmönnum hérna heima sem við hefðum getað unnið 5-1. Liðið hefur staðið sig hrikalega vel í síðustu æfingaleikjum og það eru margir ungir peyjar að koma inn í liðið. Mér finnst þetta allt vera á réttri leið.



Um fótboltamenn

Sá steiktasti?
 Birkir Kristinsson.




Sá grófasti?
 Heiðar Helguson.



Sá leiðinlegasti?
 Tryggvi Guðmundsson í 6. flokki. Hann var í Þór og ég í Tý. Hann skallaði einu sinni Rút Snorrason og einu sinni fékk hann rauða spjaldið frá dómáranum og reif það. Hann var 10 ára. 10 ára geðveikur drengur.

Sá besti?
 Leyfum Tryggva að vinna það upp að vera svona leiðinlegur með því að segja að hann sé bestur.



Sá sem er með stærsta typpið?
 Aron Einar Gunnarsson.



Ray-Ban®



SKOĐAĐU – PANTAĐU

www.opticalstudio.is

FERILLINN



Charlize Theron

Hæð: 177 sentimetrar.
Besta hlutverk: Aileen Wuornos í *Monster*.

Skrýtin staðreynd: Þegar hún hlaut Óskarin fyrir *Monster* varð hún fyrsta manneskjan frá Afríkalandi til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir aðalhlutverk.

Eitruð tilvitnun: „Ég samgleðst fólki sem vill gifta sig, en það er ekki fyrir mig.“

1975 Fæðist 7. ágúst í borginni Benoni í Suður-Afríku.

1990 Verður vitni að því þegar móðir hennar skýtur föður hennar til bana í sjálfsvörn, en hann var ofbeldisfullur drykkjumaður. Móðir hennar var ekki ákærð fyrir atvikið.

1991

Flytur til Milánó og reynir fyrir sér sem fyrirsæta. Seinna fer hún til New York í ballettnám en neyðist til að hætta vegna hnémeiðsla.



1995 Fær fyrsta tækifærið í kvikmynd, orhlutverk í hryllingsmyndinni *Children of the Corn III: Urban Harvest*. Theron talaði ekkert í myndinni, sem fór beint á leigu.

1997 Kemur sér á kortið fyrir alvöru þegar hún leikur eiginkonu Keanu Reeves í kvikmyndinni *Devil's Advocate*.

1999 Situr fyrir í *Playboy* og er önnur konan á eftir Kim Basinger til að hljóta Óskar eftir að hafa gert það.

2003

Hlýtur Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir ógleymanlega frammistöðu sína sem morðkvendið Aileen Wuornos í *Monster*.



2005 Tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir aðalhlutverkið í *North Country* en tapar fyrir Reese Witherspoon úr *Walk The Line*.

2007 Valin kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu *Esquire*.



Frumnýningar helgarinnar

She's Out Of My League

Leikstjóri: Jim Field Smith.
Aðalhlutverk: Alice Eve, Jay Baruchel og Krysten Ritter.
Lengd: 104 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,7 / Metacritic: 4,6 / Rotten Tomatoes: 54%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóin Álfabakka og Borgarbíó Akureyri.



Kirk (Baruchel) trúir því varla hvað hann er heppinn. Þrátt fyrir að vera meðaljón og starfa sem öryggisvörður á flugvelli fellur þokkadísinn Molly (Eve) fyrir honum. Kirk finnst þetta nánast of gott til að vera satt og það finnst vinum hans, fjölskyldunni og gömlu kærustunni líka. Það er því mikil pressa á Kirk að sýna öllum fram á að hann geti látið sambandið endast.

JAY BARUCHEL

Það er 28 ára Kanadamaður að nafni Jay Baruchel sem leikur aðalhlutverkið í *She's Out Of My League*. Margir muna eftir Baruchel úr aukahlutverkum í myndum á borð við *Knocked Up* og *Tropic Thunder* en þetta er fyrsta alvöruaðalhlutverk hans á ferlinum. Næsta mynd kappans er Disney-myndin *The Scroogers' Apprentice*, sem er væntanleg í sumar, en þar leikur hann aðalhlutverkið á móti Nicolas Cage.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á *She's Out Of My League*. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndabráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra sigurvegara. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn.



GEIMDRENGURINN NOTAR SILVER-GEL Í HÁRIÐ

Astro Boy

Leikstjóri: David Bowers (*Flushed Away*).
Leikraddir: Kristen Bell, Nicolas Cage, Samuel L. Jackson, Charlize Theron og Donald Sutherland.
Lengd: 94 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,4 Metacritic: 5,3 Rotten Tomatoes: 48%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík, Sambíóin Akureyri og Sambíóin Selfossi.

Í fjarlægri framtíð er jörðin svo menguð að mannkynið er á mörkum þess að þurfa að flýja plánetuna. Vísindamaður nokkur missir son sinn og ákveður í kjölfarið að búa til vélmenni. Vélmennið hefur ofurkrafta og verður sannkölluð borgarhetja. Astro Boy er byggð á samnefndri teiknimyndasögu frá Japan. Hægt er að sjá myndina bæði með ensku og íslensku tali.




MICHAEL CERA FER LÉTT MEÐ AÐ LEIKA 16 ÁRA STRÁK ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA 22 ÁRA

Youth in Revolt

Leikstjóri: Miguel Arteta
Aðalhlutverk: Michael Cera, Portia Doubleday, Steve Buscemi, Justin Long, Ray Liotta, Jean Smart, Fred Willard og Zach Galifianakis.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,0 / Metacritic: 6,3 / Rotten Tomatoes: 69%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Regnboginn.

Nick Twisp (Cera) er 16 ára strákur sem er afar upptekinn af því að missa sveindóminn en er ekki beinlínis sá vinsælasti. Nick fellur fyrir bráðgáf- aðri og fallegri stúlku (Doubleday) en þegar hann áttar sig á því að áhuginn er ekki gagnkvæmur býr hann sér til nýjan karakter og bregður sér í hlutverk hans. Það á hins vegar eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar og brátt er Nick orðinn eftirlýstur glæpamaður.



PIERCE BROSNAN LEIKUR FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA

The Ghost Writer

Leikstjóri: Roman Polanski
Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Pierce Brosnan, Kim Cattrall, Olivia Williams, Tom Wilkinson, Timothy Hutton og Eli Wallach.
Lengd: 128 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,9 / Metacritic: 7,7 / Rotten Tomatoes: 84%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri.

Breskur rithöfundur gengur undir nafninu Draugurinn, þar sem hann starfar við að skrifa efni fyrir aðra sem síðan birtist í þeirra nafni. Draugurinn fær tilboð um að skrifa endurminningar fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Eftir því sem hann grefur dýpra í fortíð forsætisráðherra kemst hann sífellt að skítugri leyndarmálum, sem stofna honum í mikla hættu.

SJÓNVARP
SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

FIMMTUDAGUR 22. APRÍL



THE OFFICE
Skjárið
20:10 Bandaríska útgáfan af þessum drepfyndna þætti er engu síðri en sú upprunalega sem var stórkostleg. Ekki ráðlegt fyrir þá sem þola illa vandræðalegar upptakomur.

DESPERATE HOUSEWIVES
Sjónvarpið
21:15 Eiginkonurnar á Bláregsslóð eru svo sannarlega aðþrengdar enda hafa þær hver sinn djöful að draga. Ótrúlegar vinsældir þessara þátta eru svo sannarlega ekki að ástæðulausu.

FÖSTUDAGUR 23. APRÍL



ÍSLANDSMÓTIÐ
Sjónvarpið
20:15 Þriðji leikurinn í einvígi Vals og Fram um Íslandsmeistarátílinn í handbolta kvenna. Valur leiðir 2-0 og getur tryggt sér titilinn. Spennan er því í hámarki.

ROAD TRIP
Stöð 2
20:50 Vissulega ein mesta froða sem völ er á, en þessi mynd hefur engu að síður hið finasta skemmtanagildi. Tom Green leikur einn furðulegasta karakter í sögu hvíta tjaldsins.

ARTIFICIAL INTELLIGENCE
Sjónvarpið
23:25 Framtíðarmynd eftir Steven Spielberg sem segir af véldreng sem þráir að eignast móður sem elskar hann. Ungstirnó Haley Joel Osmont leikur véldrenginn en Jude Law er einnig á meðal leikara.

LAUGARDAGUR 24. APRÍL



TRANSFORMERS
Stöð 2
21:05 Rosaleg hasarmynd sem skaut Megan Fox og Shia LaBeouf rækilega upp á stjörnuhimininn. Pottþétt spennumynd sem var tilnefnd til þrennra óskarsverðlauna.

SATURDAY NIGHT LIVE
Skjárið
21:30 Einn allra vinsælasti grínþáttur sjónvarpsögunnar. Í þessum þætti er hann sprenglæglegi Zach Galifianakis gestaleikari.

BRIDGET JONES: THE EDGE OF REASON
Sjónvarpið
23:40 Framhald fyrstu myndarinnar um Bridget Jones sem naut fáheyrðra vinsælda. Hér er hún komin á barm taugaáfalls og túlkuð af Renée Zellweger sem fyrr.

SUNNUDAGUR 25. APRÍL

GLÆPURINN
Sjónvarpið
21:00 Lokabátturinn í þessari frábæru þáttaröð. Það er engin tilviljun að Forbryðelsen dregur nær þriðjung dönsku þjóðarinnar að skjánum.

TWENTY FOUR
Stöð 2
21:55 Þeir eru ófár sem hafa tekið ástfostri við Jack Bauer, aðalhetjuna í þessum fantagóðu og heilsteyptu spennubáttum.

fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍÞRÓTTIR, UPPISTAND, PUBQUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT ANNAD

GÍSLI GALDUR

Kaffibarinn
22:00

Sumarfiltingur þrátt fyrir skítaveður

„Ég ætla að reyna að hafa sumarfilting í þessu þó svo að það verði að öllum líkindum skítaveður eins og alltaf á sumardaginn fyrsta,“ segir einn færasti plötusnúður landsins, Gísli Galdur Þorbergsson, en hann mun þeyta skífum á Kaffibarnum á fimmtudag.

Gísli hefur lengi verið afar eftirsóttur plötusnúður en honum er margt til lista lagt og er fjölhæfur tónlistarmaður enda hafa fjölmargar hljómsveitir fengið hann til liðs við sig, s.s. sveitir á borð við Quarashi, Motion Boys og Trabant. „Annars er ég núna að vinna að plötu með Jóni Atla sem var í Hair Doctor. Við höfum stofnað hljómsveit sem við köllum Human Woman og erum komnir langt með plötu sem við stefnum á að gefa út í haust,“ segir Gísli og bætir við að platan fari út um víðan völl.

„Þetta byrjaði eiginlega í elektróníska gírnum en svo sýnist mér hún vera að færast út í svolítið pönkaðri sálma. Ég held að þetta verði helvíti góð blanda.“



22
apríl

fimmtudagur

SKOPPA OG SKRÍTLA

Borgarleikhúsið, líti salur
12:00 og 14:00. Tilvalin sýning til að fara með krakka á enda hafa Skoppa og Skrítlá verið eftirlæti ungra leikhúsa- og biógesta undanfarin ár.

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00. Fíasól í Hosiló er spreillfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á hinum geysivinsælu og margverðlaunuðu bókum Kristínar Helgu Gunnarsdóttur. Sýningunni er leikstýrt af Vigdísí Jakobsdóttur.

ÚRSLITAKEPPNI Í HANDBOLTA KARLA

Vodafone-höllin
16:00 Hasarinn er hafinn í handboltanum hjá körlunum. Í þessari viðureign taka Valsmenn á móti norðanpiltum í sameinuðu liði Akureyrar.

ÚRSLITASERÍA Í KÖRFUNNI

Fjárhúsið, Stykkishólmi
19:15 Snæfellingar þurfa lífsnauðsynlega á heimasigri að halda eftir að Keflavík valtaði yfir þá í fyrsta leiknum. Það lið sem fyrst vinnur þrjá leiki stendur uppi sem Íslandsmeistari.

ÚRSLITAKEPPNI Í HANDBOLTA KARLA

Ásvellir
19:30 Hasarinn er hafinn í handboltanum hjá körlunum. Í þessari viðureign taka Haukar á móti HK.

SÖGULEGIR SÖNGFUGLAR

Leikfélag Akureyrar
20:00 Tónleikaröð tileinkuð íslenskum söngkonum sem hafa fylgt þjóðinni í gegnum tíðina. Að þessu sinni tekur söngfluglinn Jana María Guðmundsdóttir dægurlagasöngkonuna Helenu Eyjólfsdóttur fyrir.

ÚTSKRIFTARSÝNING NEMENDALEIKHÚSSINS

Smiðjan
20:00 Nemendaleikhúsið sýnir lokaverkefni sitt, leikritið „Stræti,“ eftir Jim Cartwright, einn af þekktari samtímahöfundum Breta.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu
20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðsverði hverfa úr frystikistu í fjölþýli og dregur það talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassá hugamans Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjallirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Simonarsonar. Aðalhlutverkidi er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en þess má geta að tónlistin í verkinu var sérstaklega samin af hljómsveitinni Nýdanskri þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.

EILÍF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið - Líti salur
20:00 Eilíf óhamingja er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf hamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2007. Verkinu er lýst sem gamansamri en beintrí ádeilu á markaðshyggjuna.

GOGYOKO-KVÖLD

Kaffi Rósenberg
21:00 Rósenberg býður upp á tónleika alla helgina. Í þetta skiptið verður sérstakt gogyoko-kvöld.

FJALLABRÆÐUR

Salurinn
21:00 Karlakórinn kraftmikli Fjallabráður heldur tónleika en á efmiskránni eru lög Fjallabráðra í bland við lög annarra höfunda á borð við Magnús Þór Sigmundsson.

KREPPUKVÖLD Á BARNUM

Bar 11
21:00 Kreppukvöld eða „Kreppa Night“ á barnum fyrir þá sem vilja gæta að pyngjunni. Þjórinna á 450 kall.

LIFANDI TÓNLIST

English Pub
22:00 Boðið verður upp á trúbadorastemningu fyrir gesti og gangandi til lokunar. Tilvalið að fara með félögum og detta í tvo til þrjá kalda og njóta tónlistarinnar.



SJONNI BRINK

B5
22:00 Sjónni Brink mundar gítarinn og heldur uppi stemningunni til 01:00 en hann er sannkallaður reynslubolti í trúbadorastemningu.

JÓGVAN & VIGNIR

Hressó
22:00 Hressingarskálinn býður gestum og gangandi upp á ljúfa tóna en þeir Jógván og Vignir verða ábyrgir fyrir stuðinu.

INGÓ VEÐURGUÐ

Óliver
22:00 Trúbadorkvöldin hjá Ingó úr Veðurguðunum á fimmtudagskvöldum á Óliver eru með þeim vinsælli í bænum. Fólk flykkist að til að sjá sjarmatrölllið frá Selfossi spila til 01:00 um nóttina.

ÓLAFSVAKA

Kaffi Zimsen
22:00 Hin vikulega Ólafsvaka fer fram en boðið verður upp á lifandi tónlist. Þeir sem heita Ólafur fá fyrsta bjórinn frían en þurfa að muna eftir skilríkjunum.



Flottir sumarskór fyrir alla í fjölskyldunni

- Verð 2.990, st. 19-24
- Verð 2.990, st. 19-24
- Verð 8.990, st. 24-30
- Verð 16.990
- Verð 9.990
- Verð 14.990
- Verð 6.990
- Verð 9.990

Bata
Skóverslun Smáralind
Sími 511-2020

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands

Náttúru- og umhverfisfræði
www.lbhi.is

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands

Búvísindi
www.lbhi.is

föstudagur

23
apríl

VALUR – FRAM
Vodafone-höllin
20:00

Framstelpur með bakið upp við vegg

„Við erum ekki alveg tilbúnar að fara í sumarfrí strax,“ segir Marthe Sördal leikmaður Fram í handbolta en Safa-mýrarstúlkur eru komnar með bakið upp við vegg í baráttunni um Íslandsmeistaratið eftir Valssigur í fyrstu tveimur leikjum rímmunnar. „Nú er þetta bara spurning um það hvort við ætlum að vera áfram í þessari keppni eða ekki. Ef við töpum er þetta bara búið,“ segir Marthe sem er ekki í vafa um hvað hefur farið úrskráðis í leikjunum hingað til. „Við verðum að taka okkur saman í andlitinu og byrja að spila almennilega vörn. Við erum með frábæran markvörð og gott sóknarlið en ef við spilum enga vörn verður þetta alltaf erfitt,“ segir Marthe sem reynir að haga leikdögum á svipaðan hátt.

„Yfirleitt tek ég stuttan göngutúr á morgnanna og reyni að borða vel. Svo hlusta ég alltaf á sama lagið fyrir leik,“ segir Marthe en vill þó ekki gefa upp hvaða lag það er. „Ég vil halda lífi aðeins lengur. Ég er með alveg hræðilegan tónlistarsmekk. Eina sem ég get gefið upp er að ég hef farið á eina tónleika á ævi minni, og þeir voru með Scooter.“



ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið
19:00 Hér er um að ræða afmælingu í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá opnun Þjóðleikhússins, en Íslandsklukkan var ein af þremur opnar-sýningum þann 20. apríl árið 1950.

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ

Langholtskirkja
19:30 Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika undir yfirskriftinni „Árstíðirnar í Langholtskirkju“. Í grænu röðinni ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi enda spilar sveitin vinsæl og þekkt verk sem flestir ættu að kannast við.

ÚTSKRIFTARSÝNING NEMENDALEIKHÚSSINS

Smíðjan
20:00 Nemendaleikhúsið sýnir lokaverkefni sitt, leikritið „Stræti“, eftir Jim Cartwright, einn af þekktari samtímahöfundum Breta.



HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu
20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dílk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega jazzhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir er annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Simonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en þess má geta að tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk.

24
apríl

EILÍF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið – Litli salur
20:00 Eilíf óhamingja er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf hamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2007. Verkinu er lýst sem gamansamri en beintrí ádeilu á markaðshyggjuna. Handritsgerð er í höndum Andra Snæs Magnasonar og Þorleifs Arnar Amarnsonar.

HELLISBÚINN

Íslenska óperan
20:00 Íslendingar kunna greinilega vel að meta þennan vinsælasta einleik veraldar, en nú hafa yfir 15.000 manns séð þessa uppþæslu af Hellisbúanum. Í þetta skiptið er Hellisbúinn leikinn af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni.



GRÆNJAXLAR

Rýmið, Akureyri
20:00 Leikfélag Menntaskólans á Akureyri setur upp verk Péturs Gunnarssonar frá árinu 1977. Leikstjórn er í höndum Bryndísar Ásmundsdóttur.

LÍSA Í UNDRALANDI

Bæjarleikhúsið, Mosfellsbæ
20:00 Leikfélag Borgarholtskóla setur upp sína eigin útfærslu af hinna klassísku sögu um Lísu í Undralandi, en meðal þess sem boðið er upp á í sýningunni eru talandi kanínur og syngjandi mys.

TVEIR FÁTÆKIR PÓLSKU-MÆLANDI RÚMENAR

Norðurpóllinn
20:00 Fátæka leikhúsið spreytir sig á þessu víðförla og umtalaða verki, en höfundur þess, Dorota Masłowska, er einn fremsti ungi rithöfundur Pólvérja. Leikstjóri er Heiðar Sumarliðason.



BRÆÐINGURINN 2010

Sódoma
22:00 Ein stærsta raftónlistarveisla ársins mun fara fram þegar þrjár af vinsælustu rafsvæitum Íslands leiða saman hesta sína á tónleikum, en þær eru Berndsen & the young boys, Bloodgroup og Ultra Mega Technobandið Stefán.

TÓNLEIKAR

Kaffi Rósenberg
22:00 Rósenberg býður upp á tónleika alla helgina. Í þetta skiptið stigur Varsjárbandalagið á svið og leikur fyrir gesti.

TRÚBADORA VEISLA

English Pub
22:00 Þór Óskar byrjar kvöldið með nokkrum vel völdum lögum en þegar líða tekur á nóttina taka þeir Maggi og Hlynur við og spila fram á morgun.

LIFANDI TÓNLIST

Dubliner
22:30 Það verður boðið upp á trúbadorastemningu fyrir gesti og gangandi. Tilvalið að fara með félögumum og detta í tvo til þrjá kalda og njóta tónlistarinnar.

laugardagur

24
apríl

SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI

Borgarleikhúsið, Litli salur
12:00 og 14:00 Tilvalin sýning til að fara með krakka á enda hafa Skoppa og Skrítlá verið eftirlæti ungra leikhús- og bíogesta undanfarin ár.

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
14:00 og 16:00 Fíasól í Hosiló er sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á hinum geysivinsælu og margverðlaunuðu bókum Kristínar Helgu Gunnarsdóttur en sýningin er leikstýrð af Vigdísí Jakobsdóttur.

ÚRSLITAKEPPNI Í HANDBOLTA KARLA

Digranes
16:00 Hasarinn er hafinn í handboltanum hjá körlunum. Í þessari viðureign taka HK-ingar á móti Íslandsmeisturum Hauka.

ÚRSLITAKEPPNI Í HANDBOLTA KARLA

Digranes
16:00 Hasarinn er hafinn í handboltanum hjá körlunum. Í þessari viðureign taka HK-ingar á móti Íslandsmeisturum Hauka.

ALGJÖR SVEPPI

Íslenska óperan
18:00 Börnin elska Sveppa. Algjör Sveppi - Dagur í lífi stráks er frábær fjölskyldusýning í leikstjórn Felix Bergssonar en tónlistarstjóri er sjálfur Jón Ólafsson.

ÚRSLITASERÍA Í KÖRFUNNI

Toyota-höllin, Keflavík
19:15 Snæfellingar þurfa að ferðast suður með sjó til að etja kappi við Keflavíkinga í þriðja leiknum í úrslitunum. Það lið sem fyrst vinnur þrjá leiki stendur uppi sem Íslandsmeistari.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Langholtskirkja
19:30 Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika undir yfirskriftinni „Árstíðirnar í Langholtskirkju“. Hérna ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi enda spilar sveitin vinsæl og þekkt verk sem flestir ættu að kannast við.

ÚTSKRIFTARSÝNING NEMENDALEIKHÚSSINS

Smíðjan
20:00 Nemendaleikhúsið sýnir lokaverkefni sitt, leikritið „Stræti“, eftir Jim Cartwright, einn af þekktari samtímahöfundum Breta.

HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu
20:00 Nokkrir kjúklingar á tilboðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dílk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega jazzhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir er annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

GRÆNJAXLAR

Rýmið, Akureyri
20:00 og 22:30 Leikfélag Menntaskólans á Akureyri setur upp verk Péturs Gunnarssonar frá árinu 1977. Leikstjórn er í höndum Bryndísar Ásmundsdóttur.

LÍSA Í UNDRALANDI

Bæjarleikhúsið, Mosfellsbæ
20:00 Leikfélag Borgarholtskóla setur upp sína eigin útfærslu af hinna klassísku sögu um Lísu í Undralandi, en meðal þess sem boðið er upp á í sýningunni eru talandi kanínur og syngjandi mys.

ÚRSLITAKEPPNI Í HANDBOLTA KARLA

Höllin, Akureyri
20:00 Hasarinn er hafinn í handboltanum hjá körlunum. Í þessari viðureign taka Akureyringar á móti sprekum Valsmönnum.



GERPLA

Þjóðleikhúsið
20:00 Baltasar Kormákur leggur til atögu við meistaraverk nóbelskaldsins, en Gerpla hefur aldrei áður verið sett á svið. Með hlutverk fóstbræðranna Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðs Kolbrúnarskálds fara Jóhannes Haukur Jóhannesson og Björn Thors.

FAUST

Borgarleikhúsið
20:00 Það eru liðin fjörtú á síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri á að berjja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skiptið er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

TÓNLEIKAR

Kaffi Rósenberg
22:00 Rósenberg býður upp á tónleika alla helgina. Í þetta skiptið stigur hljómsveitin Túpíllakar á svið og leikur fyrir gesti.

TRÚBADORAVEISLA

English Pub
22:00 Þór Óskar byrjar kvöldið með nokkrum vel völdum lögum en þegar líða tekur á nóttina taka þeir Maggi og Hlynur við og spila fram á morgun.

TÓNLEIKAR

Sódoma
22:00 Það verður boðið upp á þetta tónleika þegar hljómsveitirnar Perla, Hoffman og Momentum leiða saman hesta sína.

LIFANDI TÓNLIST

Dubliner
22:30 Það verður boðið upp á trúbadorastemningu fyrir gesti og gangandi. Tilvalið að fara með félögumum og detta í tvo til þrjá kalda og njóta tónlistarinnar.

VILLIDÝR/PÓLITÍK - FRUMSÝNING

Borgarleikhúsið
20:00

Harmleikur að rífast um kjúklinga

„Við hættum aldrei. Á meðan við erum báðir lifandi þá eru Rádíusbræður til,“ segir Davíð Þór Jónsson. Hann og Steinn Ármann munu stíga saman á stökk í fyrsta skipti í langan tíma í tvískiptu uppstandi sem er byggt á tveimur af vinsælustu uppstandisýningum í sögu Bretlands eftir grínmeistarann Ricky Gervais.

„Það er langt síðan við unnum saman og við vorum báðir farnir að sakna þess,“ segir Davíð sem útilokar ekki frekari landvinninga Rádíusbræðra. „Við ætlum að einbeita okkur að þessu verkefni og gera það vel. Við erum til í að skoða tilboð sem koma upp en við erum ekki að fara að herja á árs hátíðir eða uppstandskvöld, það er pakki sem við erum búnir með.“



Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands



Skógfræði og landgræðsla
www.lbhi.is

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands



Hestafræði
www.lbhi.is



SPÆDADANSLEIKUR

Nasa
23:00 Hljómsveitin Spaðar heldur árlega tónleika á Nasa en sveitin er nú á 27. aldrarsári. Að eigin sögn er tónlist þeirra balkan-blús-rokk-gömludansablanda.



FAUST
Borgarleikhúsið
20:00

Flókið að fást við **Faust**

„Þessi sýning hefur verið að gerjast í hausnum á mér í þrjú ár,“ segir Gísli Örn Garðarsson sem leikstýrir Faust sem sýnt er í Borgarleikhúsinu um þessar mundir. „Það var mjög snúið og flókið mál að takast á við þetta stykki og mikil vinna sem liggur þarna að baki. Það er kannski eðlilegt að maður vandi sig við þetta verk og taki góðan tíma í það enda tók það Göthe 60 ár að skrifa það,“ segir Gísli og bætir við:

„Markmiðið er að fólk sem sér sýninguna í fyrsta skipti fái bragðið af Faust og öðlist skilning á verkinu auk þess að eiga góða leikhúsupplifun. Mér finnst það hafa tekist mjög vel,“ segir Gísli sem hefur vakið athygli fyrir hlutverk sitt í stórmyndinni Prince of Persia sem verður frumsýnd í maí. „Ég er nú bara í aukahlutverki í þeirri mynd. Ég mun líklega fara á frumsýninguna úti og hérna heima en þar með held ég að mínu hlutverki sé bara lokið,“ segir Gísli, hógvæð að vanda.

25
apríl

sunnudagur

SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI

Borgarleikhúsið, litli salur
12:00 og 14:00. Tilvalin sýning til að fara með krakka á enda hafa Skoppa og Skrítlá verið eftirlæti ungra leikhús- og bíógesta undanfarin ár.

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Fíasól í Hosiló er sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á hinum geysivinsælu og margverðlaunuðu bókum Kristínar Helgu Gunnarsdóttur. Sýningunni er leikstýrt af Vigdísí Jakobsdóttur.



ÓLÍVER!

Þjóðleikhúsið
15:00 og 19:00. Eftir tuttugu ára færi á að slást í för með götustráknunum Ólíver Twist sem lendir í ýmsum ævintýrum og hindrunum í lífsbaráttu sinni. Ólíver!, byggður á ódauðlegri sögu Charles Dickens, er einn vinsælasti söngleikur allra tíma. Leikstjórn er í höndum Selmu Björnsdóttur.

ÚRSLITARIMMA Í HANDBOLTA KVENNA

Framheimilið
16:00 Úrslitin gætu ráðist hjá stelpunum í handboltanum. Þessi leikur fer einungis fram ef Framstúlkur ná að knýja fram sigur í föstudagsleiknum, að öðrum kosti eru Valsstúlkur Íslandsmeistarar.

TVEIR FÁTÆKIR PÓLSKU-MÆLANDI RÚMENAR

Norðurpóllinn
20:00 Fátæka leikhúsið spreytir sig á þessu víðförla og umtalaða verki, en höfundur þess, Dorota Masłowska, er einn fremsti ungi rithöfundur Pólvérja. Leikstjóri er Heiðar Sumarliðason.

FAUST

Borgarleikhúsið
20:00 Fjórútu ár eru liðin síðan Faust var síðast sett á svið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri til að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skiptið er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

TÓNLEIKAR

Kaffi Rósenberg
22:00 Rósenberg býður upp á tónleika alla helgina. Í þetta skiptið stígur hljómsveitin Dægurflugurnar á svið og leikur fyrir gesti.

KJARTAN TRÚBADOR

English Pub
22:00 Kjartan tekur gítarinn með sér og er aldrei að vita nema hann spili nokkur vel valin lög ef rétta stemmningin myndast.



ÞYNNKUBÍÓ Á PRIKINU

Prikið
22:00 Prikið býður landsmenn sem þjást af tímurbönnunum sérstaklega velkomna á bíósýningu í notalegu og hlýlegu umhverfi. Að þessu sinni verður hið geysivinsæla léttmeti Clueless á boðstólum.

TÓNLEIKAR PENTA

Hressó
22:00 Hljómsveitin Penta leikur fyrir dansi í Hressingarskálanum. Tilvalið fyrir þá sem vilja sýna lipra takta á dansgólfinu.

LIFANDI TÓNLIST

Dublínur
22:30 Boðið verður upp á trúbadorastemningu fyrir gesti og gangandi. Tilvalið að fara með félögum og detta í tvo til þrjú kalda og njóta tónlistarinnar.



Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands



Umhverfisskipulag
www.lbhi.is



Sundsamlega gott!
Heilsulindir í Reykjavík



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

NÝTT! FRAMHALDSPÆTTIR Á JÁ.IS

-OG ÞÚ GETUR HAFT ÁHRIF Á SÖGUNA!



Hver er ég? ←
 - Koma mér í gott foru
 - Hlagja meira - vera ha
 - Finna mína típu - f
 - Verða betri elskhugi
 - Mig langar í hund
 - Na sambandi við
 - Finna ný áhuga

Ég „gulu-síða“
allt til að komast
á sporið.



TAKTU ÞÁTT og ef þitt innlegg hefur áhrif á næsta þátt geturðu unnið verðlaun frá þeim fjölda fyrirtækja sem eru skráð á Gulu síðurnar í 118, Já.is og í Símaskránni. Og jafnvel orðið gestur í næsta þætti og prófað eitthvað nýtt og spennandi með Ívari.

Fylgist með þáttunum á Já.is

Þú skrifast söguna!

Taktu þátt!

Málum bæinn gulan... **JÁ**



118



Já.is



Símaskránni